

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1669/2001

2003/EES/6/35

frá 20. ágúst 2001

## um breytingu á 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1917/2000 um tiltekin ákvæði til framkvæmdar á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/95 að því er varðar hagskýrslur um utanríkisviðskipti(\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1172/95 frá 22. maí 1995 um hagskýrslur um vöruviðskipti bandalagsins og aðildarríkjanna við lönd utan bandalagsins<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 374/98<sup>(2)</sup>, einkum 21. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með notkun viðmiðunarmarka fyrir einstök viðskipti í hagskýrslugerð um utanríkisverslun kann að vera hægt að lækka verulega kostnað af öflun upplýsinga án þess að það dragi úr nákvæmni nema að takmörkuðu leyti.
- 2) Tryggja verður að hagskýrslur um utanríkisverslun séu tæmandi, einkum með tilliti til notkunar þeirra í þjóðhagslegu tilliti við gerð þjóðhagsreikninga og útreikning greiðslujafnaðar. Til að vega upp á móti notkun viðmiðunarmarka verður því að koma mat á gögnum sem eru undir viðmiðunarmörkunum.
- 3) Viðmiðunarmörkin voru ákvörðuð þannig að þau þjóni fyllilega því markmiði að lækka kostnað við gagnaöflun en taki um leið tillit til verðþróunar og hliðsjón sé höfð af mikilvægi og nákvæmni hagskýrslna sem gefnar eru út í samræmi við sameinuðu tollnafnaskrána (SAT).
- 4) Aðrar aðferðir má einnig nota til að einfalda og létta fyrirhöfn við gagnaöflunina án þess að það hafi áhrif á gæði gagnanna, t.d. rafræn skil á gögnum. Beiting viðmiðunarmarkanna verður því áfram að vera valfrjáls.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrslunefndarinnar um utanríkisverslun.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. ágúst 2001.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1917/2000<sup>(3)</sup> komi eftirfarandi:

„3. gr.

1. Viðmiðunarmörkin, sem um getur í 12. gr. grunnreglugerðarinnar, skulu ákveðin fyrir hverja vörutegund þannig að innflutningur eða útflutningur, sem nemur hærri fjárhæð en 1 000 evrur eða er yfir 1000 kg að nettómassa, skal færður í hagskýrslur um utanríkisverslun.

2. Beiting aðildarríkjanna á viðmiðunarmörkunum, sem um getur í 1. mgr., skal áfram vera valfrjáls.

3. Gögn, sem send eru inn reglulega af aðildarríkjum sem beita viðmiðunarmörkunum, skulu aðlöguð þannig að verðmæti verslunar, sem er undir viðmiðunarmörkunum, sé tekið með inn í hagskýrslur um utanríkisverslun, a.m.k. í heildartölur.

Þar eð framkvæmdastjórnin hefur ekki samþykkt samræmd ákvæði í samræmi við málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 21. gr. grunnreglugerðarinnar skal hvert aðildarríki beita þeirri aðlögunaraðferð sem það telur best við eiga.

4. Aðildarríki, sem beita viðmiðunarmörkunum, skulu tilkynna framkvæmdastjórninni hver þau viðmiðunarmörk eru og hvaða aðlögunaraðferð er beitt.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. janúar 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Pedro SOLBES MIRA

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 224, 21.8.2001, bls. 3, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 65/2002 frá 31. maí 2002 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 44, 5.9.2002, bls. 22.

(1) Stjtið. EB L 118, 25.5.1995, bls. 10.

(2) Stjtið. EB L 48, 19.2.1998, bls. 6.

(3) Stjtið. EB L 229, 9.9.2000, bls. 14.